

## 32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000,00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 33. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, sbr. lög nr. 83 31. maí 1976 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 166 12. ágúst 1970 um sama efni og nr. 262 30. maí 1975 um breytingu á henni.

*Samgönguráðuneytið, 2. febrúar 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

13. janúar 1982.

Nr. 27.

**AUGLÝSING**

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl.,  
nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 8 100,00 á ári.

Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1982.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

3. febrúar 1982.

Nr. 28.

**GJALDSKRÁ**

**fyrir heimilishjálp á vegum félagsmálanefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar.**

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum félagsmálanefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

- |                |          |
|----------------|----------|
| 1. taxti ..... | kr. 6,00 |
| 2. taxti ..... | — 35,00  |

## 2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxta hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu en skv. 2. taxta ella.

## 3. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af bæjarstjórn Seyðisfjarðar en samþykktar af félagsmálaráðuneyti.

## 4. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. jan. 1982, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 29.

3. febrúar 1982.

## G J A L D S K R Á

fyrir holræsi á Bíldudal.

## 1. gr.

**Tengigjöld.**

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 100, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 75 fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20 pr. m<sup>3</sup>.

## 2. gr.

**Árlegt holræsagjald.**

Heimilt er að leggja á árlegt holræsagjald allt að 0.22% af fasteignamati húsa eða einstakra íbúða, þó skal gjaldið aldrei vera lægra en kr. 150.

Gjaldskrá þessa má hækka eða lækka um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um holræsi á Bíldudal nr. 166 14. apríl 1975.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*